

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar

Þórður Már Sigfússon

Miðbraut 11

370 Búðardal

Athugasemdir vegna grenndarkynningar á fyrirhugaðri skógrækt á jörðinni Ásgarði í Hvammssveit

Við undirrituð, eigandi og ábúendur á jörðinni Magnússkógum 3, sjáum ríka ástæðu til að andmæla fyrirhuguðum áformum landeiganda að Ásgarði er varðar fyrirhugaða skógrækt.

Við teljum að fyrirhuguð skógrækt á jörðinni sé það umfangsmikil að gr. 44 um grenndarkynningu geti ekki átt við og gera þurfi grein fyrir skógræktinni í aðalskipulagi sveitafélagsins. Auk þess teljum við að gögnin sem fylgja grenndarkynningunni séu algerlega ófullnægjandi bæði fyrir sveitarfélagið og hagsmunaaðila til að taka afstöðu til málsins. Erfitt er að átta sig á og/eða gera sér grein fyrir ýmsum þáttum verkefnisins út frá þeim takmörkuðu gögnum og upplýsingum sem fylgja grenndarkynningunni. Auðvelt er með nútímatækni að setja umfang og hæð skógarins inn á ljósmynd og sýna þannig áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á umhverfið.

Í skipulagsreglugerð gr. 6.2 og 7.4.1 er gert ráð fyrir sérstökum landnotkunarflokki fyrir skógrækt og landgræðslu og telja undirrituð að nauðsynlegt sé að skógræktarsvæðin fái aðalskipulagsmeðferð bæði á korti og í greinargerð samkvæmt því.

Aðallega er um að ræða það svæði neðan þjóðvegur sem staðsett er beint fyrir neðan landareign undirritaðra og liggur að fjöru. Þetta svæði er skilgreint sem nytjaskógrækt á yfirlitsmynd af fyrirhuguðu skógræktarsvæði og er stærð þess 64 ha (afmarkað með grænum línum á mynd 1 hér fyrir neðan).



Mynd 1 Fyrirhugað nytjaskógar svæði, afmarkað með grænum línunum, fyrir neðan Magnússkóga 3.

Undirrituð vilja koma því á framfæri að samkvæmt bókun umhverfis- og skipulagsnefndar, varðandi þessa umsögn, þá samþykkir nefndin þetta erindi með tilliti til nýrrar flokkunar á landbúnaðarlandi í drögum að endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, þar sem talið er að fyrirhugað nytjaskógar svæði falli undir flokk II og III samkvæmt þeirri skilgreiningu. En vert er að geta þess að þó búið sé að flokka (gróflega) landbúnaðarland þá er enn ekki búið að gera greinarmun á því hvað er skógrækt og hvað er nytjaskógrækt. En samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Verkís hf er sú vinna í gangi varðandi nýtt aðalskipulag fyrir Dalabyggð og krefjumst við því, að beðið sé eftir að hún klárast.

Það skal tekið fram að þessari grendarkynningu fylgdi einungis loftmynd í skalanum 1:12.000 og svo grófleg skýrsla um fyrirhugaðar framkvæmdir. Engir hæðarkótar fylgdu þessari umsókn, né nákvæm lýsing á því hvernig svæði kæmi til með að líta út þegar kæmi að nýtingu skógarins. Undirrituð eru búin að reyna að afla þessara upplýsinga bæði hjá skipulagsfulltrúa og eins hjá Skógræktinni en það er lítið að hafa. Það hefði hjálpað mikið að sjá hvernig svona framkvæmd kæmi til með að líta út í þvíidd. Eins vantar að sýna hvar aðkoman að nytjaskógar svæðinu verður. Undirrituð telja því að grenndarkynning geti ekki átt sér stað miðað við núverandi gögn.

En áður en lengra er haldið langar undirrituðum að fara yfir nokkrar staðreyndir málsins og skal það tekið fram að allir lengdar- og hæðarútreikningar eru unnir af undirrituðum sjálfum með hjálp google earth og jord.is. Eins og sjá má á mynd 1 hér að framan er íbúðarhúsið að Magnússkógum 3 í 20 metra hæð yfir sjó og það eru einungis 468 metrar niður að girðingu þar sem fyrirhugað er að nytjaskógurinn

byrji og er landið við girðinguna í 15 metra hæð yfir sjó. Nytjaskógasvæðið er svo 915 metra langt og nær alveg niður að girðingu við fjörukambinn sem stendur í tveggja metra hæð yfir sjó.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir nokkrum af þeim atriðum sem undirrituð telja að komi til með að hafa neikvæð áhrif á ábúendur og landareignina.

Útsýni



Mynd 2 Magnússkógar 3 og fyrirhugað nytjaskógarsvæði þar fyrir neðan.

Ljóst er að ef að fyrirhuguðum nytjaskógi verður hefur það gríðarleg áhrif á útsýni Magnússkógar 3 út á fjörðinn og á þann fjallgarð sem þar er á bakvið og til hliðar við hann.

En eins og nefnt var hér að framan þá hefur reynst erfitt að fá hjálp við að afla gagna svo hægt sé að gera sér betur grein fyrir ásýnd svæðisins þegar skógurinn er vaxinn í endanlega vinnsluhæð. En samkvæmt meðfylgjandi gögnum með grenndarkynningunni er áætlað að gróðursetja aðallega aspir og greni á þetta svæði og jafnvel furu og lerki. Aspir verða yfirleitt 15 – 30 metra háar, greni getur náð allt að 50 metra hæð, lerki er um 10 – 15 metrar að hæð og furu u.þ.b. 30 metrar. Samkvæmt upplýsingum sem undirrituð fengu hjá fulltrúa skógræktarinnar er algengt að tré séu felld við 15 metra hæð, þ.e. sé skógurinn vel hirtur, en ljóst er að gera verður ráð fyrir meiri hæð þar sem tré hætta ekki að vaxa fyrr en þau eru felld.

Í lýsingu á fyrirhuguðu skógræktarsvæði, sem fylgdi með þessari grenndarkynningu, kemur eftirfarandi fram „í heildina henti svæðið vel til skógræktar og ekki von á öðru en að þarna eigi eftir að vaxa upp vöxtulegur skógur“. Einnig er nefnt að „við hönnun skógarins verður tekið tillit til ýmissa þátta t.d. útsýnis frá Magnússkógum 3“. Jafnframt kemur fram „að hafa ásýnd skógarins þannig að ekki sé mikið af beinum línunum og skógurinn falli eins vel að landinu og kostur er“.

Undirrituð hafa reynt að fá upplýsingar um hvernig taka eigi tillit til útsýnisins frá Magnússkógum 3 og fengum þau svör frá Skógræktinni að það verði opnar útsýnislínur í gegnum skóginn, en ekki er vitað hversu stórar þær verða, hvar þær verða staðsettar né hversu mikið útsýni fæst í gegnum þær. Einnig má deila um fagurfræði þessa að vera með slíkar tilbúnaðar renndur í gegnum hugsanlegt skóglendi. Það er erfitt að taka afstöðu þegar ekki er vitað hvernig framkvæma á hlutina. Einnig vekur það upp efasemdir ef það á að hafa sem minnst af beinum línunum í skóginum en á sama tíma á að hafa opnar útsýnislínur í gegnum skóginn.

Ljóst er að undirrituð hafa eitt mikilli vinnu í að ímynda sér hvernig hlutirnir komi til með að líta út, því aðeins þannig er hægt að taka rökstudda ákvörðun.



Mynd 3 Ljósmynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3, horft yfir fyrirhugað nytjaskógarsvæði.

Mynd 3 er tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3 og það svæði sem er hér fyrir neðan skurðruðningana, fyrir neðan ræktaða landið, er í eigu Skugga-Sveins ehf og tilheyrir þar af leiðandi Ásgarði. Á þessari mynd sést vel hvernig byggðarlínan skerðir útsýni okkar en hún er í um 12 metra hæð frá jörðu. Ef vel er rýnt í þessa mynd 3 getið þið einnig séð tvær rauðar stikur staðsettar hægra megin við byggðarlínustæðuna (gott að stækka skjalið til að sjá þær betur). Stikan sem er nær, er við efri brún Ásgarðslands og neðri stikan er við girðinguna niður við fjöru þar sem áætlað er að nytjaskógasvæðið endi. Báðar þessar stikur standa í 5 metra hæð frá jörðu. Við undirrituð komum þessum stikum tímabundið fyrir til að reyna að átta okkur á hvaða landslag mun hverfa ef þarna rís upp gróskumikill nytjaskógur.



Mynd 4 Mynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3. Grænn veggur táknar tré í 15. metra hæð við efri mörk nytjaskógarsvæðisins.

Mynd 4 sýnir sömu ljósmynd og mynd 3 en bara aðeins meira stækkuð. Græni veggurinn táknar tré í 15 metra hæð (hér er rauða stikan þrefölduð upp).



Mynd 5 Mynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3. Græni veggurinn táknar tré í 15 metra hæð við neðri mörk nytjaskógarsvæðisins.

Á mynd 5 sjáum við svo ímynduð tré í 15 metra hæð niður við sjóinn. Það er því nokkuð ljóst að þó trén verði aðeins 15 metrar koma undirrituð til með að missa allt útsýni yfir flóann, út á sjóinn og þann fjallgarð sem er þar til hliðar.




Mynd 6 Mynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3. Græni veggurinn táknar tré í 20 metra hæð við efri mörk nytjaskógarsvæðisins.



Mynd 7 Mynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3. Græni veggurinn táknar tré í 20 metra hæð við neðri mörk nytjaskógarsvæðisins.

Myndir 6 og 7 sýna hvernig útsýnið mun verða náí trén 20 metra hæð og því nokkuð ljóst að megnið af fjallgarðinum mun hverfa líka á bakvið nytjaskóginn. Undirrituð vilja taka það fram að þessi græni veggur ætti í raun að hylja lárétt alla myndina því allt er þetta svæði sem nytjaskógurinn mun ná yfir og meira til.



Mynd 8 Mynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3.

Mynd 8 er tekin núna snemma í janúar og sólin er við það að setjast bakvið fjöllin með allri sinni litadýrð.

Síðastliðið hálf ár hafa undirrituð staðið í tugmilljóna króna framkvæmdum á íbúðarhúsi sínu þar sem annarri hæð var bætt ofan á. Við hönnun hússins var tekið mikið tillit til útsýnisins út á fjörðinn. Stórir gluggar prýða nú neðri hlið hússins og er útsýnið úr þeim einstakt.

Ljóst er að fyrirhugaður nytjaskógur kemur til með að hafa augljós áhrif á útsýni undirritaðra og það útsýni viljum við ekki missa.

Ásýnd svæðisins



Mynd 9 Mynd tekin af bæjarhlaðinu á Magnússkógum 3 og sýnir ferð hesta um fjöruna.

Við nánari skoðun undirritaðra er ljóst að fyrirhugaður nytjaskógur mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins. Landslagið mun taka miklum breytingum. Sjórinn er undirrituðum afskaplega dýrmætur og hér er stórkostleg fjara sem fellur langt út. Um fjöruna liggur þekkt reiðleið og er hreinn unaður að sjá fólk ferðast um á hestum eftir fjörunni.

Svona umfangsmikil skógrækt við standlínuna fyrir botni Hvammsfjarðar myndi ekki aðeins skerða útsýni fyrir Magnússkógum 3, heldur einnig fyrir öðrum lögbýlum í Hvammsfirði. Þannig að ljóst er að mikil breyting verður á fallegri heildarásýnd fjarðarins. Þegar fólk keyrir fram hjá tekur það eftir hvað Hvammsfjörðurinn opnast fallega þarna í botninum, en sú ásýnd lokast verði af fyrirhugaðri nytjaskógrækt.


Einnig má nefna að Hvammsfjörðurinn er á verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 sem Breiðafjarðarnefnd hefur unnið að.

Það er erfitt að ímynda sér ásýnd svæðisins þegar maður hefur ekkert annað útsýni en skóginn. Reynum þó. Það er ekki mikil prýði af illa hirtum skógi. Það er heldur ekki mikil prýði af stórvirkum vinnuvélum, keyrandi um, höggvandi niður tré. Það er heldur ekki mikil prýði af timburdrumbastæðum. Ljóst er að þegar að þeim tíma kemur sem byrja þarf að grisja og eins nýta skóginn mun verða þó nokkur sjón- og hávaðamengun. Skógrækt er jafn mikið manngert umhverfi og byggingar og óafturkræf svo það þarf að vanda sig. Það er nokkuð ljóst að nytjaskógrækt á þessu svæði mun alltaf hafa gífurleg áhrif á ásýnd svæðisins.

Verðmætarýrnun

Það er álit undirritaðra að nytjaskógurinn rýri verulega verðmæti landareignar okkar og eigna á jörðinni verði af fyrirhuguðum áformum um nytjaskógrækt.

Hér í Dalabyggð er nú unnið eftir nýrri flokkun á landbúnaðarlandi sem enn eru þó bara drög við aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Samkvæmt þeim gögnum flokkast fyrirhugað nytjaskógarsvæði undir landbúnaðarflokk II og III. Land undirritaðra, sem er samliggjandi en aðeins skilur einn skurður af, flokkast undir landbúnaðarflokk I. Það er ljóst að þessi flokkun stenst engan vegin. Munurinn er bara sá að það er búið að rækta landið öðrum megin við skurðinn en hitt ekki, jarðvegurinn er þó hinn sami.



Mynd 10 Hvammsfjörðurinn og litadýrðin sem fylgir samspili sólar og sjávar.

Að okkar mati skiptir verulegu máli hvar skógur er staðsettur og sérstaklega þar sem landhalli er svona lítil eins og er í okkar tilfelli. Einnig er nytjaskógur að okkar mati ekkert annað en iðnaðarsvæði.

Það er hræðileg tilhugsun að eiga það á hættu að missa aðalútsýnið sitt og alla þá litadýrð sem fylgir samspili sólar og sjávar, samspili fjalla og sjávar, samspili manna og dýra við landslag o.fl. Það er hræðileg tilhugsun að sveitungar mínir missi útsýni sitt án þess að fá neitt um það að segja bara af því að þeir eiga ekki land að fyrirhuguðu svæði. Eins og skógur getur í sumum tilvikum verið fallegur þá getur hann líka verið eins og krabbamein í landslagi. Útsýnið sem við höfum í dag út á Hvammsfjörðinn er auðlind sem við njótum og óskum eftir að fá að njóta áfram um ókomna tíð.

Við undirrituð höfum farið hér yfir þau atriði sem okkur finnst skipta hvað mestu máli og vonumst til þess að þinglýstur landeigandi að Ásgarði, Skugga-sveinn ehf, falli frá áformum um nytjaskógrækt á þessu svæði.

Ef ekki vonumst við til þess að umhverfis- og skipulagsnefnd taki okkar sjónarmið til greina og hafni þessum fyrirhuguðum áformum um nytjaskógrækt. Fari sveitarfélagið ekki með skógræktina sem aðalskipulagsbreytingu þá óskum við eftir að fá frekari gögn til að skýra betur áætlaða framkvæmd.

Við undirrituð áskiljum okkur allan rétt til að krefjast bóta samkvæmt 51. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 ef að þessar fyrirætlanir um nytjaskógrækt ganga eftir.

Virðingarfyllt

Anna Berglind Halldórsdóttir, kt. 270480-5789

Ólafur Bragi Halldórsson, kt. 200274-4829

Magnússkógar 3

371 Búðardal